

Grunnskólanám á skemmri tíma en 10 árum.

Um útskrift nemenda í 8. og 9. bekk úr grunnskóla.

Í grunnskóla lögum nr. 66/1995, með síðari breytingum segir í 35. grein „Ljúki nemandi öllu námi í grunnskóla með tilskildum árangri á skemmri tíma en tíu árum telst hann hafa lokið skyldunámi“.

Í aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi 1. ágúst 2007 segir m.a. „Grunnskólalög heimila einnig að nemandi ljúki öllu námi í grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum“. Einnig segir í aðalnámskrá grunnskóla “Eðlilegt er að leggja það í hendur skólans með aðstoð sérfræðiþjónustu skóla og að fengnu samþykki foreldra og forráðamanna að meta hvenær og hvernig flýting af þessu tagi fer fram“. Sjá nánar í aðalnámskrá grunnskóla „**UNDANÞÁGUR FRÁ AÐALNÁMSKRÁ**“.

Viðmiðunarreglur Hvolsskóla um lok grunnskólanáms á skemmri tíma en 10 árum.

1. Meginreglan er sú að nemendur sem vilja ljúka námi úr grunnskóla á skemmri tíma en tíu árum skili skriflegri umsókn til skólastjóra undirritaðri af nemanda og foreldri/forráðamanni ekki síðar en í október við upphaf 8. bekkjar. Fallist skólinn á umsókn um að útskrifa nemandann á skemmri tíma en 10 árum skal gera námssamning um með hvaða hætti nemandinn ljúki námsmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla og námsmarkmiðum Hvolsskóla.
2. Í námssamningnum skal koma fram hvaða námskröfur skólinn gerir til nemandans við lok grunnskólanáms úr Hvolsskóla. Námsmarkmið við útskrift skulu miðast við að meðaltal einkunna á útskriftarskýrteini sé að lágmarki 8,5 og engin grein undir 7,5.
3. Við útskrift úr Hvolsskóla skal liggja fyrir umsögn skólastjóra Hvolsskóla og umsjónarkennara viðkomandi nemanda ásamt umsögn frá sérfræðiþjónustu skólans þar sem mælt er með að nemandinn ljúki grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum. Umsögnin skal byggjast á námslegri og félagslegri stöðu nemandans.
4. Undantekningar - Sé óskað eftir að nemandi ljúki námi í grunnskóla að loknum 9. bekk, án þess að hafa lokið námsmarkmiðum aðalnámskrár og námsmarkmiðum Hvolsskóla, verði eftirfarandi viðmið höfð að leiðarljósi við mat á námslegri og félagslegri stöðu nemandans.
5. Meðaleinkunn að vori í 9. bekk sé að lágmarki 8,5 og engin grein undir 7,5.
6. Nemandinn skal hafa lokið samræmdum prófum í íslensku, stærðfræði og ensku með meðaleinkunn að lágmarki 8,5 og engin einkunn undir 8.
7. Einnig skal nemandinn hafa lokið með lágmarkseinkunn 8 samræmdu prófi:
 - í náttúrufræði ætli hann á náttúrufræðibraut.
 - í samfélagsfræði ætli hann á félagsfræðibraut.
 - í dönsku/ sænsku ætli hann á málabraut.
8. Umsögn skólastjóra Hvolsskóla og umsjónarkennara viðkomandi nemanda þar sem mælt er með að nemandinn ljúki grunnskóla að loknum 9. bekk. Umsögnin skal byggjast á námslegri og félagslegri stöðu nemandans.
9. Nemendur sem óska eftir að ljúka Hvolsskóla á skemmri tíma en tíu árum útskrifist á formlegan hátt eins og þeir sem ljúka grunnskóla á hefðbundnum tíma og fá skriflegan vitnisburð um að hafa lokið námi í grunnskóla.
10. Til að geta útskrifast úr grunnskóla (Hvolsskóla) á skemmri tíma en tíu árum þarf nemandinn að eiga staðfesta skólavist í framhaldsskóla.

Hvolsskóla í febrúar 2008

Unnar Þór Böðvarsson